

Fundargerð aðalfundar Fáks árið 2021

Aðalfundur hestamannafélagsins Fáks fyrir starfsárin 2019 og 2020 var haldinn í félagsheimili Fáks þann 18. maí 2021 og hófst kl: 20.10

Formaður setti fundinn og minntist látinna féлага frá síðasta aðalfundi síðan gerði hann tillögu um að Sigurbjörn Magnússon yrði fundarstjóra og var það samþykkt. Fundarstjóri lagði til að fundarritari yrði Þórunn Eggertsdóttir og var það samþykkt

Fundarstjóri lýsti því yfir að hann hefði kannað boðun fundarins og væri hún í samræmi við ákvæði samþykkta félagsins og þá væru mættir til fundarins 34 félagsmenn en 30 félagsmenn þyrftu að mæta á fundinn svo hann teldist lögmætur. Fundarstjóri lýsti því næst fundinn lögmætan og tilkynnti að fjallað yrði um bæði starfsárin 2019 og 2020. Var gengið til dagskrár. Fundarstjóri óskaði eftir því að fjallað yrði um lið 1 og 2 saman áður en umræður yrði leyfðar. Ekki var hreyft andmælum við því.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar.

Formaður félagsins, Hjörtur Bergstad, flutti skýrslu stjórnar fyrir síðustu tvö ár, 2019 og 2020 en vegna sérkennilegra aðstæðna vegna Covid-19 faraldursins þá var ekki haldinn fundur í fyrra fyrir rekstrarárið 2019. Vegna aðstæðna hafa flestir hittingar og skemmtikvöld fallið niður sem er miður. En mótahald hefur haldið sér að miklu leyti. Formaður tók fram að sjálfbóðaliðarnir félagsins gera okkur kleift að halda mótin og verður það seint fullþakkað.

Reiðveganefnd undir dyggri stjórn Dagnýjar Bjarnadóttur hefur verið öflug og verið upptekin í að henda ýmsum hugmyndum í framkvæmd og eiga þau hrós skilið. Til að mynda hófst vinnasáttmála þann sem nú er nýgerður á milli allra vegfarenda og hestamanna, hjá Reiðveganefnd Fáks, sem fékk síðar Landssamband hestamanna í lið með sér. Nýr reiðvegur í samvinnu við Stangveiðifélag Reykjavíkur við Elliðaána kemur afar vel út. Vinna er hafin við ýmsa reiðvegi til dæmis, í gegnum Rauðhólana, brekku við Norðlingaholt, í Heiðmerkurreiðleið, reiðleið í Trippadal og vegi sem Landsnet lagði fyrir ofan Almannadal fengum við að halda sem reiðleið.

SA
BE

Formaður fór yfir helstu framkvæmdir á félagssvæði Fáks. Öryggismál eru okkur alltaf hugleikin. Reynt hefur verið að bæta öryggi á svæðinu öllu, þ.á m. lýsingu og tré voru grisjuð þar sem reiðleiðir þvera veg eða hjólreiða og göngustíga.

Barna- og unglíngastarf var mjög öflugt þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Þar voru hittingar fáir en námskeiðahald var öflugt í samvinnu við fræðslunefnd. Aðstæður vegna Covid gerðu það að verkum að ekki var hægt að leyfa krökkunum að hittast mikið í hóp og halda þá skemmtilegu hittinga sem við erum von að halda árlega. En það er von okkar að á nýju ári að allt barna- og unglíngastarf verði með eðlilegum hætti.

Störf fræðslunefndar voru til fyrirmyndar undir góðri stjórn Ragnheiðar Ástu Sigurðardóttur. Gott skipulag þar sem öll skráning er komin rafrænt í Sportfeng og mikið í boði með mismunandi áherslum. Það gátu allir fundið námskeið sér til hæfis. Fræðslunefndin auglýsti eftir hugmyndum af námskeiðum og einnig eftir áhugasömum kennurum og tók mið af því í sínu skipulagi.

Veturinn 2019 var haldin gríðarlega velheppnuð Stórsýning í TM reiðhöllinni með kennslusýningu um daginn. Bæði kennslusýningin yfir daginn og reiðhallarsýningin um kvöldið voru gríðarlega vel sóttar. Það var fullt útað dýrum. Það var búið að skipuleggja aðra sýningu með svipuðu sniði veturinn 2020. Því miður eins og með annað á þessum fordæmalausum tímum þurfti að fella þá sýningu niður en stefnt er að enn stærri og glæsilegri sýningu og degi, veturinn 2022 þegar hestamannafélagið Fákur verður 100 ára.

Framundan eru margir viðburðir til dæmis; sameiginlegir reiðtúrar ef reglur um sóttvarnir leyfa, Gæðingamót Fáks verður haldið sameiginlega með hestamannafélaginu Spretti á félagssvæði Sprettis 4.-6.júní., hið stóra mót Reykjavíkurmeistaramót Fáks verður haldið um miðjan júní, kappreiðamótaröð í sumar, stórsýning með kennslusýningu 2022, 100 ára afmæli félagsins í apríl 2022, stórmót um miðjan júní 2022 og miklu fleira mætti nefna.

Helgi Sigurðsson höfundur og dýralæknir hefur skrifað bók um 100 ára sögu Fáks. Hún verður til sölu og er þetta rit sem allir félagsmenn ættu að eiga.

2. Ársreikningar 2019 og 2020.

Gjaldkeri félagsins, Hlíf Sturludóttur, fór yfir ársreikninga félagsins fyrir rekstrarárin 2019 og 2020 í einu lagi.

SM
PE

Að framsögu lokinn fóru fram umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Gjaldkeri svaraði þeim fyrirspurnum sem framkomu. Að þeim loknum bar fundarstjóri upp ársreikninga 2019 og 2020 voru samþykktir samhljóða.

3. Lagabreytingar.

Formaður skýrði frá því að stjórn félagsins hefði fyrr á árinu skipað nefnd til að gera tillögur um breytingar á lögum félagsins og færa þær í nútímligt horf. Í nefndina voru skipuð þau Skorri Steingrímsson, Ester Harðardóttir og Sigurbjörn Magnússon.

Skorri Steingrímsson gerði grein fyrir tillögum þeim sem lágu fyrir fundinum og fjallaði um lagabreytingarnar í heild og einstaka tillögur.

Vinsamlega ábending barst úr sal um að tillögur um lagabreytingar hefði átt að senda út með fundarboði og því væri ekki hægt að afgreiða þær á þessum fundi. Skorri var til svara og sagði að í fundarboði hefði verið tekið fram að á dagskrá fundarins væru lagabreytingar. Einnig hefði verið tekið fram í fundarboði að tillögur stjórnar að lagabreytingum lægu frammi á á skrifstofu Fáks, félögum til athugunnar. Fundarstjóri tók fram að til þess að þessar lagabreytingar öðluðust endanlegt gildi þyrfti 1/5 hluti félagsmanna að samþykkja þær á fundi. Þar sem augljóslega væru ekki svo margir mættir yrði að boða til framhaldsaðalfundar og þá gilti einugis að fundurinn væri lögsmætur og 2/3 hluti fundarmanna samþykki breytingarnar. Fundarstjóri sagði að ekkert mælti á móti því að tillögurnar yrðu teknar til atkvæða.

Lagabreytingarnar voru samþykktar með 24 atkvæðum enginn greiddi atkvæði á móti en 9 sátu hjá. Stjórn var falið að boða til framhaldsaðalfundar til að fjalla um lagabreytingar og kynna þær breytingar sem voru samþykktar á þessum fundi á heimasíðu félagsins.

4. Kosningar:

Allir núverandi stjórnarmenn Fáks gáfu kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Engin önnur farmboð bárust og var stjórnin því sjálfkjörin sem hér segir.

Hjörtur Bergstað formaður til 1 árs.

Leifur Arason og Sigurbjörn Þórmundsson meðstjórnendur til 1 árs.

Hlíf Sturludóttir gjaldkeri til 2 árs

SM
KE

Þórunn Eggertsdóttir ritari til 1 árs.

5. Kosing endurskoðenda.

Tillögur stjórnar til um endurskoðendur félagsins voru: Sæþór Fannberg og Rakel Sigurðardóttir. Ekki bárust fleiri framboð og voru þau því sjálfkjörin.

6. Ákvörðun félagsgjalds.

Tillaga stjórnar lá frammi um að félagsgjald verði hækkað um 1.000.- kr árið 2022 og verði það 16.500.- kr. Tillagan var samþykkt samhljóða.

7. Önnur mál:

Formaður þakkaði traustið sem honum var sýnt með því að kjósa hann formann eitt ár í viðbót.

Formaður fjallaði um fyrirhugaðar byggingar á reiðhöllum á félagssvæði Fáks í Almannadal, Fjárdal og Víðidal. Einnig um sölu á byggingalóðum á svæðinu. Formaður hefur borið upp hugmynd við nýjan formann Fjáreigendafélagsins um samvinnu Fáks og Fjáreigendafélagsins við gerð reiðhalla þar.

Formaður óskaði eftir samþykki fundarins fyrir því að stjórn fái að vinna áfram að tillögum um sölu á lóðum og byggingar á reiðhöllum á félagssvæði Fáks í Víðidal og Almannadal.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Formaður reiðveganefndar, Dagný Bjarnadóttir, greindi frá því helsta sem nefndin hefur unnið að.

Birgir Rafn fyrrverandi formaður tók til máls og vildi að rætt væri meira um áhugamanninn í félaginu. Þá áminnti hann stjórn um að passa landið okkar félagsmanna Fáks í Víðidalnum. Þetta er gullmoli sem við þurfum að standa mikinn og sterkan vörð um.

Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins til að ganga frá fundargerð og var sú tillaga samþykkt.

SM

PA

Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum gott samstarf um fundarstörfín og sagði fundi slitið kl. 21.44 en gat þess jafnframt að kaffi og með því væri á boðstólum í boði félagsins.



Sigurbjörn Magnússon, fundarstjóri



Þórunn Eggertsdóttir, fundarritari